

Verðtilfærslusjóður SAM 2009

Rekstur og starfsemi verðtilfærslu milli mjólkurvara er tvískipt. Annars vegar er lögbundin verðtilfærsla samkvæmt lögum nr. 99/1993 og hins vegar verðtilfærsla SAM. Lögbundin verðtilfærsla er í forsjá Bændasamtakanna og er gerður sérstakur ársreikningur vegna hennar. Framkvæmd og fjárreiður lögbundins verðtilfærslusjóðs er í höndum SAM samkvæmt verkaskiptasamningi sem gerður var milli BÍ og SAM, en sú ráðstöfun byggir á heimildum laga. Verðtilfærsla SAM er hins vegar í forsjá SAM og því með í ársreikningi SAM og er fjallað nánar um hana hér.

Í verðtilfærslusjóði SAM eru innheimt vörutengd gjöld af sýrðum vörum (jógúrt og skyldum vörum), rjóma, sérostum og nýmjólkurdufti. Greitt var úr sjóðnum vegna sölu á nýmjólk, skólaléttmjólk, iðnaðarrjóma, skyri, smjörva, léttviðbiti, mögrum ostum (Gouda 17%, Mozzarella og Gouda 11%), iðnaðarmjólkurdufti, undanrennufti og kálfafóðri.

Eftirfarandi er yfirlit yfir inn- og útgreiðslur úr verðtilfærslusjóði SAM árin 2009 og 2008:

	2009	%	2008	%
Inngreiðslur:				
Yfirfært frá fyrra ári	63.099.263	18,31%	72.601.042	18,99%
Innheimt verðtilfærsla	281.602.209	81,69%	309.762.622	81,01%
Samtals til ráðstöfunar	344.701.472	100,00%	382.363.644	100,00%
Útgreiðslur:				
Greidd verðtilfærsla til afurðastöðva	123.652.958	42,21%	162.955.709	51,04%
Niðurgreiðsla iðnaðardufts	142.994.079	48,81%	127.955.709	40,08%
Niðurgreiðsla iðnaðarrjóma	22.055.759	7,53%	23.694.037	7,42%
Annað	4.236.507	1,45%	4.641.411	1,45%
Samtals ráðstafað	292.939.303	100,00%	319.264.401	100,00%
Afgangur/(-vöntun) fært til næsta árs	51.762.169		63.099.263	

Velta verðtilfærslusjóðs SAM var nokkuð minni árið 2009 en árið 2008 vegna minni sölu á vörum sem greiða til sjóðsins. Útgjöld sjóðsins voru um 11,3 milljónum króna hærra en tekjur hans. Afgangur í lok árs 2009 nam rúmum 51,7 milljónum króna.